

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Seyðisfirði



Dags eftirlits	27.10.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Skeljungur	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Lokunareftirlit
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Már Erlingsson	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis	Andri Vífilsson	Staðsetning	733381,426 538446,438

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram við eftirlit en engin ábending var sett fram.

Lokun er ekki staðfest. Senda þarf til Umhverfisstofnunar umsókn um nýtt starfsleyfi sé fyrirhugað að halda áfram starfsemi eða fullnægjandi áætlun um lokun, niðurrif og meðferð á olíumenguðum jarðvegi.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða olúbirgðastöð Skeljungs hf., við Hafnargötu 53a á Seyðisfirði. Óskað var eftir niðurfellingu starfsleyfis þann 28. október 2019 og starfsemi hætt. Engin olía hefur verið í stöðinni frá þeim tíma og stefnt var að niðurrifi stöðvarinnar. Rekstraraðili sendi inn áætlun um rekstrarstöðvun, sem metin var ófullnægjandi og fór málið á bið að ósk rekstraraðila. Starfsleyfið gildi til 31.01.2022 og er því útrunnið.

### Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Skoðunarferð og staðfesting að ekki sé starfsemi í stöðinni

Um lokunareftirlit er að ræða. Rætt var við rekstraraðila í eftirliti Gallon ehf., Örfirisey, þann 23. október sl. og farið yfir málin. Rekstraraðili var ekki viðstaddur vettvangsheimsóknina en veitti eftirlitsaðila aðgang inn á svæðið. Engin frávík komu fram við síðasta eftirlit árið 2020 en tvær ábendingar voru settar fram, um að þjónusta þurfi olúskilju við stöðina og bæta þurfi op á girðingu. Ekki hefur verið brugðist við þeim ábendingum eru þær því nú settar fram sem frávík. Engar breytingar hafa orðið á stöðinni frá síðasta eftirliti.

Krafa er um skráningar í rekstrarhandbók í stöðinni en þar sem stöðin hefur staðið tóm, þá eru engar skráningar fyrir árið 2019, enda engin starfsemi til staðar.

Bent er á að niðurrif allra byggingarleyfis skyldra mannvirkja, svo sem olúgeyma, olúskilja og lagna, er byggingarleyfis-skylt og skal uppfylla ákvæði laga um mannvirki og byggingarreglugerðar. Slíkt niðurrif er háð byggingareftirliti. Niðurrif er einnig háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands í samræmi við ákvæði reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Við varanlega lokun, skv. gr. 1.5 í starfsleyfi, skal rekstraraðili innan sex mánaða fjarlægja olúgeyminn, ásamt lögnum honum tengdum, á þann hátt að umhverfinu stafi ekki hættu af og meðhöndla hann í samræmi við ákvæði laga um meðhöndlun úrgangs.

Gengið var um stöðina og aðstæður skoðaðar. Hlið stóð læst er að var komið en var eftirlitsmanni veittur aðgangur inn á svæðið. Bæta þarf girðingu á einum stað og er sett frávík þar um. Lagnir frá geymum hafa verið aftengdar og mannop stóðu opin þannig að járnloka hafði verið sett á milli loks og gjarðar, um 2 cm op til loftunar, án þess þó að fallhætta sé niður um þau. Þróin er snyrtileg á að líta og engar ábendingar settar þar um.

### Frávík frá

### Lýsing á frávíki

6. gr. laga nr. 7/1998.

Allur atvinnurekstur sbr. viðauka I, II og IV skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun gefur út. Starfsleyfi rekstraraðila er runnið út án þess að umsókn um nýtt starfsleyfi eða fullnægjandi áætlun um lokun og niðurrif hafi borist

eftirlitsaðila.

Gr. 2.3 í starfsleyfi.

Aðgengi að stöðinni skal vera takmarkað og skal hindra aðgang óviðkomandi, t.d. með mannheldri girðingu. Op er á girðingu sem þarf að bæta og hefur ekki verið brugðist við ábendingu þess efnis frá síðasta eftirliti.

Gr. 3.5 í starfsleyfi.

Þjónusta þarf olíuskilju við stöðina og hreinsa hana ef þörf krefur. Upplýsingar um það hvort skiljan hafi verið þjónustuð frá lokun stöðvarinnar hafa ekki borist eftirlitsaðila.



## ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

## ANNAÐ


Engar kvartanir hafa borist rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin óhöpp hafa orðið að sögn rekstraraðila enda engin starfsemi í stöðinni.

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar inn og kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin. Einnig var farið yfir fyrirhugaða breytingu á boðun eftirlits en nú verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en verið hefur ásamt því að hærra hlutfall reglubundinna eftirlita verða óboðuð.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 29.11.2023



Guðbjörg Stella Árnadóttir

